

Mánudaginn 21. ágúst 1995 kl. 16:00

60. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 28/1995

## **Borgarljósskeðjan**

### **I.**

#### **Málavextir**

##### **1.**

Samkeppnisstofnun barst ábending um samstarfssamninga Borgarljóss hf. við nokkrar verslanir á sama sölustigi. Stofnunin skrifaði Borgarljósi hf. bréf, dags. 9. júní sl., og óskaði eftir afritum af samningum og samþykktum ásamt öllum frekari upplýsingum er varða samstarfssamninga fyrirtækisins og samstarfsaðila þeirra.

Svarbréf barst frá Borgarljósi hf., dags. 22. júní sl., og fylgdi bréfinu samstarfssamningur Borgarljóss hf. og átta verslana á landsbyggðinni. Í bréfinu segir að tilgangur og ástæða samstarfsins sé: *„að reyna að styrkja grundvöll sérverslana á landsbyggðinni sem hafa átt í vök að verjast og tryggja að slíkar verslanir gætu boðið þessar vörur á ekki hærra verði en gerist á höfuðborgarsvæðinu“*. Einnig segir: *„Rétt er að taka fram að hvorki Borgarljós h.f. né nokkur af svokölluðum Borgarljós-keðju verslunum er markaðsráðandi á sviði ljósa, heimilis og raftækjaverslunar. Með samstarfinu innan Borgarljós-keðjunnar eru fyrirtækin að styrkja stöðu sína gagnvart stærri innlendum aðilum og alþjóðlegum verslunarkeðjum.“*

Tvo liði samstarfssamningsins telur fyrirtækið þarfnast sérstakra skýringa og um þá segir í bréfinu: *„Varðandi einstök ákvæði samstarfssamningsins þá er rétt að geta þess varðandi 2. gr. i.f. þar sem segir. „Sama verð á varningi í öllum verslunum keðjunnar sama hvar á landinu er“ er að sjálfsögðu átt við hámarksverð og hefur framkvæmdin verið að hverri verslun er fullkomlega heimilt að selja vörur á lægra verði eða veita sérstaka afslætti eða tilboð.*

*Varðandi 5. gr. A. lið i.f. þar sem talað er um smásöluverð, þá hefur framkvæmdin orðið sú að allir reikningar eru skrifaðir út á heildsöluverðum.“*

Í lok bréfsins fer fyrirtækið þess „á leit við Samkeppnisstofnun að tekin verði skýr afstaða til þess hvort þessi samvinna falli undir ákvæði 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 2. mgr. 13. gr. s.l.“.

## 2.

Samstarfssamningurinn sem fylgir með bréfi Borgarljóss hf. skiptist í átta hluta. Í fyrsta hluta samningsins er upptalning á samstarfsaðilum. Í öðrum hluta er megingilgangur samstarfsins rakinn og þar segir meðal annars: „*Aðaltilgangurinn með keðjunni er að ná meiri árangri í sölu á þeim varningi sem verslanirnar selja og nýta betur auglýsingafé sem til ráðstöfunar er. Unnið yrði að því að skapa sameiginlega ímynd fyrir keðjuna sem markast af t.d. miklu úrvali, góðri persónulegri þjónustu, samræmdri þjónustustefnu og öflugum markaðsstarfi. Sama verð á varningi í öllum verslunum keðjunnar sama hvar á landinu sem er.“*

Í þriðja hluta er fjallað um vöruval og þar segir: „*Í öllum verslununum verði samræmt vöruval, lampa og heimilistækja frá Borgarljós h.f. sem ákveðið er tvisvar á ári eða oftár. Þetta vöruval (KEÐJUVÖRUR) verði sérstaklega merkt í verslununum með sérhönnuðum verðmiðum (sjá tillögu að merki) og sé verð það sama í öllum verslununum.“*

Í sjöunda hluta sem fjallar um skiptingu kostnaðar segir meðal annars: [...]¹

## 3.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar funduðu með framkvæmdastjóra Borgarljóss hf. og í kjölfar þess fundar skrifaði stofnunin bréf, dags. 1. ágúst sl., til fyrirtækisins og óskaði eftir frekari upplýsingum er stutt gætu beiðni fyrirtækisins um að samstarfssamningur þess og annarra verslana í Borgarljóss-keðjunni yrði felldur undir ákvæði 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í svarbréfi, dags. 3. ágúst sl., koma fram frekari upplýsingar frá Borgarljósi hf. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um markaðshlutdeild Borgarljóss-keðjunnar á ljósum til heimilisnota. Fram kemur að markaðshlutdeildin er undir [...]². Er þá átt við að heildsala Borgarljóss til verslana í verslunarkerðjunni og

---

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

annarra sem kaupa vöru af Borgarljósi, nemi undir [...]³ af áætluðum heildsölumarkaði fyrir heimilisljós. Fram kemur einnig að frá því að samstarf verslananna hófst hefur orðið lækkun á vörum sem fyrirtækin selja og sendir fyrirtækið heildsölunótur þessu til stuðnings en á þessu tímabili hefur aftur á móti bæði orðið hækkun á aðflutningsgjöldum og hækkun á gengi dönsku krónunnar sem er helsti gjaldmiðill sem notaður er í innkaupum Borgarljóss hf. Rekstrarerfiðleikar raftækjaverslana, sérstaklega á landsbyggðinni, og vitneskjan um sambærilegar verslanakeðjur á Norðurlöndunum urðu til þess að Borgarljósskeðjan varð til. Í bréfinu segir að í Danmörku séu næstum allar lampaverslanir í innkaupakeðjum. Með bréfinu fylgja bæklingar frá þremur verslunarkeðjum í Danmörku.

Í lokin kemur fram að verð sem gefið er upp í bæklingum Borgarljósskeðjunnar sé leiðbeinandi og eigi að auka tiltrú viðskiptavina, sérstaklega úti á landi, á að hægt sé að versla jafn hagstætt í heimabyggð og að ávinningur Borgarljóss hf. sé að byggja upp traust dreifingarkerfi fyrir vörur sínar.

## **II. Niðurstöður**

### **1.**

Þegar lagt er mat á hvort minniháttarregla 1. mgr. 13. gr. á við um samninga eða samvinnu fyrirtækja þarf að byrja á að skilgreina markaðinn, jafnt vörumarkað sem landfræðilegan markað. Vörumarkaðurinn í þessu tilviki telst vera ljós til heimilisnota. Landfræðilegi markaðurinn telst vera íslenski markaðurinn í heild sinni. Ekki eru efni til að skilgreina landfræðilega markaðinn þrengra, enda munu vera fleiri en ein verslun sem stunda sölu á ljósum til heimilisnota hvarvetna þar sem verslanir Borgarljósskeðjunnar eru starfræktar.

### **2.**

Markaðshlutdeild Borgarljósskeðjunnar á þeim vörum sem keðjan sameinast um mun eftir því sem næst verður komist vera undir [...]⁴. Fyrir liggur að á markaðnum eru stærri fyrirtæki með hærri markaðshlutdeild. Samvinnan styrkir því fyrirtækin í samkeppni við stærri fyrirtæki í sömu grein.

---

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

Miðað við þau gögn og upplýsingar sem liggja fyrir hjá Samkeppnisráði verður að telja að samstarfssamningar þeir sem hér um ræðir hafi aðeins lítil áhrif á sölu ljósa til heimilisnota. Sérstaklega skal þó tekið fram að það er skilningur Samkeppnisráðs að samræmt verð sem gefið er upp í verslunum Borgarljósskeðjunnar sé leiðbeinandi og ekki á nokkurn hátt bindandi.

Samkvæmt ofansögðu er ljóst að samstarf það sem tekist hefur með aðilum að svokallaðri Borgarljósskeðju telst minniháttar og samkeppnishamlandi afleiðingar af því samstarfi eru óverulegar. Telja má líkur á að samstarfið í keðjunni styrki smærri verslanir, einkum á landsbyggðinni, í samkeppni við stærri verslanir. Gögn sem Borgarljós hf. hefur lagt fram benda til þess að samstarf verslana í Borgarljósskeðjunni hafi leitt til lækkunar verðs á þeim vörum sem samstarfið nær til. Því teljast samstarfssamningar Borgarljósskeðjunnar undanþegnir bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga, sbr. 13. gr. sömu laga. Ef markaðsaðstæður breytast verulega frá því sem nú er, svo sem með aukinni markaðshlutdeild Borgarljósskeðjunnar, áskilja samkeppnisyfirvöld sér hins vegar rétt til aðgerða.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samstarfssamningar Borgarljóss hf. og einstakra verslana Borgarljósskeðjunnar teljast, með hliðsjón af hlutdeild á markaði fyrir ljós til heimilisnota og öðrum aðstæðum, falla undir ákvæði 1. mgr. 13. gr. samkeppnislaga og eru því undanþegnir bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. samkeppnislaga.“**